

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað áttugar og landslag í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar




Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu







Nú þegar gert í skólastarfinu







Hugur þekking



Vitið þið hvað náttúra og náttúruvernd er? 			
Þekkið þið muninn á borgarnáttúru og villtri náttúru? 			
Þekkið þið nöfnin á plöntum og gróðri í umhverfinu? 			
Vitið þið hvaða dýra- tegundir og plöntutegundir búa hvar í nágrenninu? 			
Kunnið þið að fara vel með náttúruna og passa upp á hana? Hvernig? 			
Vitið þið hvaðan vatnið   kemur og að við þurfum að fara vel með það?			
Vitið þið hvaðan rafmagnið kemur og að við þurfum að fara vel með það?  			





Þekkið þið hverfið/bæinn ykkar? 			
Farið þið í leiðangra til þess að kynnst hverfinu ykkar betur? 			
Ef já, hafið þið séð eitthvað sem á ekki heima í náttúrunni? Hvað hafið þið séð? 			
Hafið þið lært um heimsmarkmiðin? 			




Hjarta
skólinn og samfélagið



Bera allir í skólanum virðingu fyrir og passa upp á plöntur og gróður í umhverfinu? 			
Eruð þið dugleg að fara í ferðir út í náttúruna? 			








Eruð þið dugleg að fara í ferðir út í náttúruna? 			
Hafið þið farið í fjallgöngu? 			
Hafið þið farið í berjamó? 			
Hafið þið farið í fjöruferð? 			
Eruð þið að passa upp á að slökkva ljósið og skrúfa fyrir vatnskрана þegar þið þurfið ekki meira rafmagn eða vatn? 			
Eruð þið dugleg við að henda sem minnst af mat? 			
Eruð þið dugleg við að labba, hjóla eða koma með strætó í skóla? 			
Gætir skólinn þess að nota ekki efni sem getur mengað vatn, jarðveg eða andrúmsloft og notar eingöngu svansvottuð efni eða með sambærilega vottun? 			
Sleppir skólinn því að nota skordýra- eða illgresiseyðir á sínu umráðasvæði? 			



Hendur aðgerðir



Er villt náttúra í nágrenninu  sem þarf að passa sérstaklega uppá?			
Ef svo er, hafið þið prófað  að senda bréf til sveitarstjórnar og látið hana vita af því svo hægt sé að passa betur upp á svæðið?			
Er unnið með  heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við náttúruvernd?			
Eruð þið að plokka á  skólalóðinni og í nærumhverfi?			
Eruð þið að hjálpa  náttúrunni t.d. með því að planta íslenskum trjám og/eða safna birkifræjum og sá þeim?			

Hvað getur skólinn gert til að kynnast betur náttúruvernd